

# Ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu 2024

Haldinn á Ísafirði þann 29.05.2024

Fundur settur kl. 14:30

Jóhanna Ösp Einarsdóttir býður fundarmenn velkomna, setur fundinn og gerir tillögu um Aðalstein Óskarsson sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóða.

Aðalsteinn tekur við stjórn fundarins og gerir tillögu að starfsmenn Vestfjarðastofu, þau Sigurður Líndal og Guðrún Anna Finnbogadóttir, riti fundinn.

Engar athugasemdir berast og lítur fundarstjóri því svo á að tillögur séu samþykktar samhljóða. Aðalsteinn rekur fyrirkomulag atkvæðavægis og atkvæðabærra fundarmanna. Engar athugasemdir berast.

Því næst er gengið til dagskrár.

## 1) Skýrsla stjórnar

*Jóhanna Ösp Einarsdóttir stjórnarformaður Vestfjarðastofu flytur starfsskýrslu stjórnar árið 2023.*

## 2) Skýrsla Sóknarhóps

*Gauti Geirsson, varaformaður Sóknarhóps Vestfjarða, flytur starfsskýrslu Sóknarhóps ársins 2023.*

Fundarstjóri óskar heimildar fundar til að liður 3 og 4 verði kynntir samhljóða. Enginn hreyfir andmælum og skoðast sú tillaga samþykkt.

## 3) Staðfesting ársreiknings

*Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri fer yfir ársreikning Vestfjarðastofu árið 2023.*

## 4) Fjárhags og starfsáætlun kynnt

*Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri fer yfir fer yfir fjárhags- og starfsáætlun Vestfjarðastofu árið 2023*

Fundarstjóri gefur orðið laust um skýrslu stjórnar, skýrslu Sóknarhóps, ársreikning og fjárhags- og starfsáætlun.

Til máls tók Elísabet Gunnarsdóttir.

Skýrsla stjórnar borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

Ársreikningur borin upp til atkvæða. Samþykktur samhljóða.

Fjárhagsáætlun borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

## 5) Breytingar á samþykktum

Tillaga að breytingum á 9. grein samþykkt Vestfjarðastofu er lögð fram. Sigríður Ó. Kristjánsdóttir flytur tillögu um breytingu fyrir hönd starfsháttanefndar.

Fundarstjóri gefur orðið laust um breytingartillöguna.

Því næst er breytingartillagan borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

## 6) Staðfesting á innri reglum Vestfjarðastofu (á ekki við á þessu þingi)

Ekki hafa verið lagðar til breytingar á samþykktum eða staðfestingar á breyttum innri reglum Vestfjarðastofu fyrir þetta þing. Þessi liður á dagskrá kemur því ekki til afgreiðslu.

## 7) Kosningar

- a) Staðfesting á kjöri stjórnarmanna atvinnulífs- og menningar  
Tillaga Sóknarhóps að stjórnarmönnum atvinnulífs og menningar.

### **Aðalmenn:**

*Gauti Geirsson - Háafell*

*Sædís Ólöf Þórsdóttir, Fantastic Fjords*

*Lilja Sigurðardóttir – Oddi hf*

*Elísabet Gunnarsdóttir – Kol og salt*

Önnur framboð komu ekki fram. Tillaga um aðalmenn borinn fram til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

### **Varamenn:**

*Sif Huld Albertsdóttir – Dokkan brugghús*

*Halldór Halldórsson, Íslenska kalkþörungafélagið*

*Jónas Heiðar Birgisson – Arnarlax*

Til máls tóku Þorgeir Pálsson, Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Viktoría Rán Ólafsdóttir.

Önnur framboð komu ekki fram. Tillaga um varamenn borinn fram til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

- b) Kjör nefnda og fagráða  
*Ekki eru kosnar nefndir eða fagráð á ársfundi 2023 og þessi liður kemur því ekki til afgreiðslu fundarins.*
- c) Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis  
*Lagt er til að Endurskoðun Vestfjarða verði áfram endurskoðunarfyrtæki Vestfjarðastofu. Samþykkt samhljóða.*
- d) Kjör starfsháttanefndar  
*Kosið var árið 2023 til tveggja ára og þessi liður kemur ekki til afgreiðslu fundarins.*
- e) *Samþykkt með lófataki.*

8) Ákvörðun um þóknun stjórnar, nefnda og fagraða

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir flytur tillögu þar um.

Þóknun stjórna og nefnda	
Þingfararkaup	1.459.841
	<b>Tillaga starfsháttanefndar VFS</b>
Formaður	9,0% 131.386
Aðrir fundir sem form. sækir	2,0% 29.197
Aðrir stjórnarmenn	4,5% 65.693
Formenn í fastanefndum eða starfshópum	4,5% 65.693
Fulltrúar í fastanefndum eða starfshópum	3,0% 43.795
Ferðakostnaður	
	Greitt fyrir allan akstur
	Laun pr. mán
	Annað pr. fund

Tekið er mið af þingfararkaupi frá 1. júlí 2023. Orðið gefið laust um þennan lið.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir tekur til máls og ljár máls á því að formaður Sóknarhóps ætti að fá hærri þóknun en aðrir stjórnarmenn Vestfjarðastofu.

Lilja Magnúsdóttir tekur til máls og styður tillögu Jóhönnu Aspar. Hún leggur til að formaður Sóknarhóps fái 7% þóknun.

Kristján Jón tekur til máls að ef réttlæting hærri þóknunar sé vegna þess að Sóknarhópsins sé ný og hvort þessi tillaga að hærri þóknun eigi að vera tímabundin.

Jóhanna Ösp telur að vinna formanns sé alltaf meiri, og því sé óþarft að hafa launahækkunina tímabundna.

Elísabet Gunnarsdóttir tekur til máls og skýrir að stjórnarmenn Sóknarhóps fái ekki greitt fyrir fundarsetu í Sóknarhópi, hér sé verið að ræða um tillögu þess efnis að formaður Sóknarhóps fái hærri þóknun fyrir setu í stjórn Vestfjarðastofu

Breytingartillagan borin undir fundinn og hún samþykkt með lófataki.

Tillagan í heild því næst borin undir fundinn og hún samþykkt lófataki.

9) Önnur mál

Fundarstjóri gefur orðið laust undir þessum lið.

Enginn kveður sé hljóðs.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, stjórnarformaður Vestfjarðastofu, slítur því næst fundinum að undangengnum þökkum til starfsmanna fundarins og hamingjuóska til nýkjörinna stjórnarmanna í Sóknarhópi Vestfjarða.

Fleira ekki gjört.

Fundi slitið 15.38

